



# Umræðuskjal

Nr. 1/2021

Drög að reglum um form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu.

1. mars 2021



### **Almennar leiðbeiningar**

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 15. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@sedlabanki.is](mailto:fme@sedlabanki.is).



## REGLUR

**um tæknilega staðla varðandi form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki þegar það gerir samning um fjárstuðning innan samstæðu, sbr. 109. gr. a – 109. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

*Form og efni opinberrar birtingar upplýsinga um fjárstuðning innan samstæðu.*

Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, skal fjármálafyrirtæki birta opinberlega upplýsingar um samning um fjárstuðning innan samstæðu.

Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/911 frá 9. júní 2016 þar sem kveðið er á um form og efni upplýsinga sem fjármálafyrirtæki skal birta opinberlega um samning um fjárstuðning innan samstæðu, sbr. 3. gr.

3. gr.

*Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/911 frá 9. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2019 frá 8. febrúar 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 23. apríl 2020, [bls. 703-705](#).

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 109. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi.